

Mætt: Fulltrúar kennara *Finnbogi Guðmundsson og Inga Jóna*, fulltrúi foreldra *Jón Ólafur Sigurjónsson*, fulltrúar nemenda *Magnús Sólberg Beldursson og Sindri Freyr Björnsson*, fulltrúi annarra starfsmanna en kennara *Helena Rán Þorsteinsdóttir og Vera Ósk Valgarðsdóttir skólastjóri sem ritaði fundargerð*. Fjarverandi voru fulltrúi nærsamfélags *Bryndís Valbjarnardóttir* og annar fulltrúi foreldra *Aðalheiður Sif Árnadóttir*.

Fundur hófst kl. 8:10.

1. **Starfsáætlun 2018-2019** lögð til umfjöllunar. Engar veigamiklar athugasemdir gerðar.
2. **Starfið í vetur**. Ýmsar breytingar. Við byrjum skólahað kl. 8:20, allir eru saman í mat og frímínútum og sund alla mánudaga og þriðjudaga. Allt hefur gengið vel hingað til. Nýir stuðningsfulltrúar, Helena Rán á unglingsstigi og Ástrós Villa í 2.-4.b. Sonja er í námsleyfi og Bylgja í barnseignarleyfi (veikindaleyfi til að byrja með). Framkvæmdir í sumar voru þær að opnað var á milli stofa þar sem 2.-4.b. er og eins var aðstaða fyrir 1.b. bætt til muna. Verið að bíða eftir hurðum, annars vegar í 2.-4.b. og hins vegar hjá 1.b. Helga Gunnarsdóttir er hætt hjá okkur og sjá Elva og Dagný Rósa nú um unglingsstigið. Nemendur eru um 80. Ávaxtastund var rædd á síðasta starfsmannafundi og ákveðið að prófa sig áfram í þeim málum. Byrja á föstudegi.

Nú fara nemendur í sund 1x viku og verður það í allan vetur eftir því sem veður og færð leyfir. Kiddi og Svenny skiptast á að keyra nemendurna til og frá sundstað.

Að öðru leyti er allt frekar hefðbundið hjá okkur. Símenntun kennara snýr að teymiskennslu og leiðsagnarmati og er það Ingvar Sigurgeirsson sem sér um það nám. Hann verður með okkur í næstu viku og ætlar þá m.a. að spjalla við nemendur sem og kennara.

3. Önnur mál.

- a. Nemendum þykir erfitt að þurfa að draga sig í sæti. Það rætt og útskýrt.
- b. Nemendur sakna komunnar í íþróttahúsi þar sem þeir gátu lokað sig af og lært í ró og næði. Skólastjóri ætlar að koma þessum ábendingum til umsj. kennara unglingsstigi og athuga hvort ekki verði hægt að koma að einhverju leyti til móts við nemendur hvað þetta varðar.
- c. Fulltrúi kennara, Inga Jóna, finnst að skólinn eigi að taka upp Vinaliðaverkefnið sem Árskóli er með og er „móðurskóli“ verkefnisins. Í falið að athuga með verð verkefnisins og jafnvel hvort við getum ekki aðlagað að okkar skóla.

Fundi slitið kl. 8:50

Vera Ósk Valgarðsdóttir